

Sáttmálsörkin, leyndardómur hins allra heilagasta

Erindi þetta fjallar um Sáttmálsörkina, arfsagnir um þýðingu hennar og mögulega staðsetningu. Þá verður komið inn á fáeinar dulspekihefðir sem tengjast launhelgum, einkum fræði Hermesar og reglur byggingameistara. Mér er það ljóst að þegar fjallað er um goðsögulegan efnivið eru fræðimenn ekki á einu máli um réttmæti arfsagna. Það er því ekki meiningin að halda fram staðreyndum í erindinu heldur túlkun virtra fræðimanna. Má þar nefna Henriettu Bernstein, C. W. Leadbeater og Manly P. Hall en tveir síðastnefndu voru báðir vígðir á 33. stig frímúrara.

Í bókinni Ark of the Covenant eftir Bernstein segir:

að til séu vitnisburðir um tilvist innvígðra dulspekinga sem höfðu afburða þekkingu á guðdómlegum og náttúrulegum lögmálum. Þeir er sagðir hafa verið uppi á sögutímum biblíunnar og allt aftur fyrir tíma Atlantis. Tilvísanir í samfélag þessara fullnuma eru í helgum ritum, heimspeki bókmenntum og dulspeki kynþátta og þjóða. Fullnumarnir hafa birst sem kennarar, sjáendur, spámenn og félagslegir umbótasinnar. Þeir hafa gert sitt til að flýta fyrir framþróun siðmenningar, ekki af tilviljun, heldur að því að talið er í samræmi við fyrirfram gerða áætlun (Bernstein, 1998).

Hin aldagamla dulspeki inniheldur vísbendingar, faldar í tölum, táknum og orðum, um ferli þróunarinnar. Hún geymir leyndardómama um uppruna og örlög manneskjunnar og dregur upp mynd, í formi helgisiða, af hinni löngu göngu hennar til þroska. Dulspekin felur í sér kennslu, sé hún rétt skilin og framborin, sem mannkynið þarf til að þróast frá myrkri til ljóss, frá hinu óraunverulega til hins raunverulega og frá dauða til ódauðleika (Bailey, 1971).

Um áðurnefnda fullnuma eru margar arfsagnir. Mörg tákn og siðakerfi, sem eru rakin til þeirra, virðast eiga sér samsvörun í flestum hinna fornu samfélaga. Ein þessara sagna fjallar um Sáttmálsörkina og ná frásagnir af henni aftur til tíma Atlantis.

Við hefjum því frásögnina á Atlantis, meginlandinu mikla sem talið er hafa sokkið í sæ í flóðum vegna náttúruhamfara. Þegar flóðið var í nánd sáu æðstu prestar á Atlantis í hvað stefndi og höfðu því ráðrúm til að flytja burt dýrmæta hluti, Sáttmálsörkina þar á meðal. Siglt var til annarra heimshluta meðal annars Suður-Ameríku og Afríku. Nói, sem var prestur á Atlantis og smíðaði hina sögufrægu Örk, flutti Sáttmálsörk frá Atlantis til Egyptalands. Sagan segir að Nói hafi haft meðferðis kennslu skráða á töflur sem ýmist voru kallaðar Smaragðstöflur eða Sáttmálsörk. Smaragðstöflurnar voru sagðar innihalda skrár yfir fortíð, nútíð og framtíð sólkerfisins. Þær fólu í sér eðlisfræði, rúmfræði, gullgerðarlist, stjörnuspeki og stjörnufræði, uppskrift tíma og rúms. Skrárnar innihéldu útlistun á alheimi, bæði stór- og smáheimi, uppheimi og neðri heimum. Þær útskýrðu dýpi hinnar guðdómlegu náttúru og sýndu fram á hin sönnu tengsl sem tengir alla hluti saman. Smaragðstöflurnar eða Sáttmálsörkin voru því afrit af Lögmáli alls Alheimsins, hinn sameinandi hlekkur siðmenningar okkar hér á jörðu (Bernstein, 1998).

Hermes var arftaki Enoch æðsta prests á Atlantis. Hann kom til Egyptalands stuttu síðar en Nói og fékk Sáttmálsörkina/Smaragðstöfluna frá honum. Hann er sagður stofnandi þjóðríkis Egyptalands (Bernstein, 1998). Hermes var mikill áhrifavaldur og þegar litið er til sögunnar má sjá að til eru

tvær vísanir í Hermes. Í fyrsta lagi hinn upprunalega Hermes frá Atlantis. Saga hans er umvafin goðsagnarkenndum búningi og er vitnað til hans sem hins egypska guðs Thoth sem Grikkir gáfu síðar nafnið Hermes. Hermes var guð visku, lærdóms, bókmennta og vísinda enda sagt að hann hafi skilið Sáttmálsörkina (Hall, 2013a). Hermes meðtók þekkingu í gegnum hugsýnir. Hann ferðaðist um með staf sinn Caduceus, sem er vel þekkt tákn enn í dag, stafur með vængi efst og tvær slöngur hlykkjast um. Hin fræga setning: svo í hinu efra sem í hinu neðra, As above so below, kemur frá Hermes.

Hann kenndi að manneskjan hafi bæði karl- og kveneðli og búi yfir lífskrafti sem hún beitir í athöfnum sínum. Hann sagði að ljósið, sem er Guð, búi í sérhverri manneskju: „Ég er það ljós.“ „Það ljós er ég“ sagði hann, og: „Þetta ljós er hin sanna manneskja, jafnvel þó við sjáum það ekki eða lítum fram hjá því. Ljósið er falið alls staðar, í hverjum kletti og hverjum steini. Þegar manneskjan verður eitt með ljósinu verður hún eitt með heildinni sem hún er hluti af og getur séð ljósið í öllum. Sama hversu vel það er falið, bælt eða útilokað. Ljósið er nær en nokkuð annað, það er í hjarta manneskjunnar. Hjá sérhverri manneskju er raunveruleikinn nær en nokkur helgisiðaathöfn því hún þarf bara að hverfa inn á við og þá sér hún ljósið. Þetta er inntak sérherrar helgisiðaathafnar, kenndi Hermes (Leadbeater, 1986).

Hermes bað fólk um að gera sér grein fyrir því að heimili þess væri ekki á jörðu heldur í ljósinu. Það ætti að yfirgefa alla spillingu og byrja að klífa þrepin sjö til að blanda sál sína hinu eilífa ljósi. Hann sagði að sporbaugar plánetanna sjö, sem hinir öldnu þekktu, myndi stiga sem tengir himin og jörð. Pláneturnar eru hin sjö innsigli opinberunar sem þarf að opna og kraftar þeirra dyggðirnar sjö. Misnotkun kraftanna eru dauðasyndirnar sjö.

Af mörgum er Hermes talinn guðfaðir vísindanna. Smaragðstaflan, Tabula smaragdina eða Viskusteininn, (e. the philosophers stone), eins og taflan er líka kölluð, er sögð hafa fundist í Ebron dalnum og er þekktasta brotið úr sögu Hermesar. Elstu afrit af þessum samantjappaða dulræna texta sem vitnað var í hér að framan eru að finna í arabískum ritum frá 8. og 9. öld (Bernstein, 1998).

Seinni tilvísunin í Hermes á sér stað löngu síðar þegar prestastétt var stofnuð í hinni miklu þekkingarmiðstöð Alexandríu. Prestarnir höfðu grískan og egypskan bakgrunn og lögðu stund á kennslu Hermesar. Þessir slöngukrýndu æðstu prestar skipuðu hóp vitrustu heimspekinga sem uppi höfðu verið á þeim tíma. Þeir gáfu út hina upprunalegu kennslu Hermesar í 42 bókum undir nafninu Hermes Trismegistus. (Hall, 2013a).

Hið raunverulega líf Hermesar, þessa semi-guðs og konungs sameinaðs ríkis Egypta er hulið þoku og sum telja jafnvel að hann hafi aldrei verið til. Vegna kristinna áhrifa hvarf kennsla Hermesar smátt og smátt. En talið er að Musterisriddarar hafi varðveitt kennslu hans og sögur eru um að hún sé geymd á bókasafni frímúrara í Englandi. Enda er Hermes talinn líklegur höfundur vígsluathafna frímúrara og margra tákna þeirra (Bernstein, 1998).

En nú vikur sögunni aftur að Sáttmálsörkinni, sem eins og fram hefur komið inniber visku Smaragðstöflunnar, afriti af lögmáli Alheimsins. Ber þá næst að nefna Móse hvers sögu við þekkjum úr gamla testamentinu. Hann var af ætt gyðinga, sonur Jochebed, en vegna sérstakra

aðstæðna var hann tekinn í fóstur af systur Faró. Fullorðinn var Móse innvígður prestur við hirð Egyptalands og þegar hann leiddi gyðinga hina langþráðu göngu frá Egyptalandi til fyrirheitna landsins hafði hann í fórum sér vitneskju um Sáttmálsörkina. Mögulega var hann með afrit af Örkinni eða bar innra með sér kennsluna sem Hermes afhjúpaði. Móses deildi kennslunni með fáeinum innvígðum í formi heimspekilykla og allegoría. Kabbalah og Torah eða Mósebækurnar fimm eru þar á meðal. Einstaklingur sem býr yfir þekkingu Sáttmálsarkar er sagður geta smíðað nýja örk og því er jafnvel haldið fram að Móses hafi skilið eftir Sáttmálsarkir á fleiri en einum stað þessi 40 ár sem hann leiddi þjóð sína í gegnum eyðimörkina.

Síðar á tímum Davíð konungs gyðinga var Sáttmálsörkin flutt til Jerúsalem. Davíð hafði í hyggju að byggja yfir hana musteri og meðtók skilaboð þess efnis frá Guði að reisa stórt og mikið musteri þar sem hægt væri að koma Sáttmálsörkinni endanlega fyrir. En Davíð vannst ekki tími þar sem verkefnin voru ærin að hertaka Jerúsalem og sameina ísraelsku þjóðina að nýju. Það kom því í hlut sonar hans og arftaka, Salómons konungs sem var uppi á tímabilinu 900-1000 f.kr. að byggja hið merka musteri. Við byggingu þess fékk Salómon til liðs við sig nágranna sinn og vin Hiram konung frá Tyre, sem var öflugt Föníkíst borgríki. Hiram konungur lagði fram verðmæt byggingarefni svo sem sídrusvið, ásamt smiðum og korni til að fæða hina mörgu verkamenn. Meðal Föníkíubúa voru þekktir byggingameistarar sem kölluðu sig Dionysius arkitekta. Hiram konungur sendi einn þeirra til Salómons, Hiram Abiff, sem var fremstur meistara Dionysius reglunnar. Fékk hann það hlutverk að stýra byggingu mustersis Salómons konungs.

Byggingameistarinn Hiram Abiff var mikill handverksmaður, fullur visku og skilnings og gat unnið hvort sem var úr eir, gulli, silfri eða öðrum málm. Hann sá því jafnframt um allar skreytingar í musterinu. Handverksmönnum sínum skipti hann í þrjá hópa: nema, iðnfélaga og múrarameistara og sérhver hópur fékk aðgangsorð og tákni. Í goðsögunni er litið til Hiram Abiff sem dæmi um trúmennsku, hugrekki, hollustu og réttlæti. En örlög þessa mikla meistara voru að lokum að falla fyrir hendi þriggja úr hópi iðnfélaga hans sem vildu að hann afhjúpaði fyrir þeim leyndardóma byggingalistarinnar.

Eins og áður sagði var Hiram Abiff meistari í hinni leynilegu reglu Dionysius. Reglan varð til meðal Grikkja og Rómverja um 1000 f.kr. og byggði hún musteri víða um Sýrland og Litlu- Asíu. Í reglunni voru handverksmenn sem höfðu sameinast til að viðhalda leyndarmálum handverksins. Brátt varð arkitektúr þeirra aðalfag. Markmið Dionysius reglunnar var að koma á hugrænum og tilfinningalegum breytingum meðal fólks með því að byggja eftir ákveðinni rúmfræði. Þeir líktu byggingum sínum við véfrétt því þær væru endurgerð alheims sökum þeirrar heilögu stærðfræði sem beitt var, þeirrar sömu og notuð var við smíði Sáttmálsarkarinnar. Sömu mælingar eru taldar liggja til grundvallar þessum mustersisbyggingum sem og píramídum, musteri Salómons, örk Nóa og Sáttmálörkinni, ásamt dómkirkjum sem reistar voru á miðöldum (Leadbeater, 1986).

Reglur byggingameistara störfuðu öldum saman og nær okkur í tíma var hin þekkta Collegia regla starfandi. Hún hafði fyrst aðsetur í Róm en eftir fall borgarinnar flutti hún á eyju við Como-vatn í Norður-Ítalíu undir nafninu Comacine Guild. Þetta voru hámenntaðir arkitektar og byggingameistarar sem ferðuðust víða og byggðu stórkostlegar gotneskar dómkirkjur víða í Evrópu á 12. og 13. öld, meðal annars að tilstuðlan heilags Bernard af Clervau. Á sama hátt og Dionysius

byggingameistarar töldu þeir sig koma á hugrænum og tilfinningalegum breytingum með því að byggja dómkirkjur eftir ákveðinni rúmfræði. Þær væru í raun Sáttmálsarkir sem upplyftu hverri manneskju sem í þær kæmu. Comacine Guild reglan bjó yfir leyndardómum og ástundaði helgisiði sem stjórnað var af æðri bræðrum reglunnar. Sem dæmi þá störfuðu Meistarar og lærisveinar undir stjórn Stórmeistara á vinnustað sem nefndur var stúka. Þeir höfðu tákn, handtak, aðgangs-orð og eiðstaf. Hátt settir í reglunni höfðu hvíta hanska og hvíta svuntu. Í hverri Guild miðstöð var mikill Guild bikar sem var hinn heilagi bikar, tákn þeirra um leyndardómana (Hall, 2013).

Til þess að átta okkur betur á Sáttmálsörkinni skulum við fara aftur til tíma Móse og skoða frásagnir biblíunnar. Í gamla testamentinu segir að Móse hafi fengið skipun frá Guði um smíði Sáttmálsarkar og sérstakrar tjaldbúðar sem skyldi hylja hana. Frásögn biblíunnar er nákvæm varðandi stærð, gerð, liti og efnisval, enda um að ræða helgasta stað gyðinga á ferð þeirra um eyðimörkina. Tjaldbúðin samanstendur af forgarði huldum hinum ytra heimi með tjaldi sem borið er uppi af 20 súlum á norður og suðurhlið og 10 súlum á vestur og austur hlið. Í forgarðinum er fórnaraltari en sjálfur helgidómurinn er tvískiptur. Í þeim fremri er gullaltari með reykelsi og heilagri olíu til smurningsathafna. Einnig sjö arma kertastjaki og borð með brauði á. Í miðju helgidómsins er hið allra heilagasta hulið blæju. Þar er Sáttmálsörkin, fögur smíði úr akasíuviði og gulli slegin innan sem utan. Í henni eru lögmálsstöflurnar sem Móse fékk frá Guði. Kistulokið er úr gullplötu og ofan á henni krúpa tveir kerúbim með vængina útbreidda í boga yfir höfuðið. Milli vængja kerúbanna er sæti miskunnseminnar. Þar birtist guð Ísraelsmanna þegar hann á í samskiptum við Æðsta prestinn. Sagt er að um nætur hafi eldsúla stigið upp af Sáttmálsörkinni en á daginn sást reyksúla yfir henni. Á tveimur hliðum hennar eru gullhringir sem hægt er að setja stafi í gegnum, einn á hvora hlið. Þá gátu burðarmenn tekið í stafina, lyft örkinni og fært hana úr stað. Stafirnir voru ávallt í hringjunum þar til Sáttmálsörkinni var að lokum komið fyrir í Musteri Salómons (Hall, 2003). Sérstaka þjálfun og prestvígslu þurfti til að fara inn í hið allra heilagasta. Á tímum Móse hafði hann, Aron bróðir hans og synir Arons þessa vígslu (2. Mósebók 37.-40. kafli).

Hin forna Sáttmálsörk var kraftur Guðs, Heilagur Andi og Náð Guðs. Hún var loforð Guðs um frið og eilíft líf. Þessi stórkostlega og fallega Sáttmálsörk var byggð með þeim hætti að hún var full af rafmagni og aðeins á hendi innvígðra að snerta hana. Ef fólk, sem ekki var sérstaklega þjálfað og vígt til þess, snerti Örkina, átti það á hættu að láta lífið (Ananda Tara Shan, 1987).

Á myndum sem varðveist hafa frá tímum forn Egypta má sjá svipaða örk og hér er lýst. Rennur það stoðum undir þá kenningu að Sáttmálsörk var víða að finna. Meðal Kaldea til forna, Egypta og Föníkíumanna var Sáttmálsörkin vel þekkt auk þess sem Indverjar áttu sína Sáttmálsörk í formi lótusblóms. Það er frumburðarréttur hverrar þjóðar að hafa í fórum sér þekkingu um hin guðdómlegu og alheimslegu lögmál sem eru undirstaða lífs hér á jörðu. Hvort sem þekkingin er fólgin í Sáttmálsörk, smaragðstöflu, lótusblómi eða jafnvel hinum heilaga bikar sem við þekkjum úr sögum um Jesú og Artúr konung og riddara hringborðsins (Hall, 2021).

Höfundur bókarinnar *The Initiates of the Flame* (2021) vill meina að þjóðir heims hafi glatað miklum krafti og dýrð þegar þær hver á fætur annarri týndu Sáttmálsörkinni. Stöðnun meðal þjóða veldur þessu að mati höfundar og þegar stöðnun á sér stað verður það til þess að fámennur hópur

fólks dregur sig í hlé í þeim tilgangi að varðveita þann Anda sannleika sem felst í launhelgunum (Hall, 2021).

En musteri Salómons sem og hið fullkomna musteri mannslíkamans getur endurheimt hina lifandi Sáttmálsörk. Þá eru stafirnir sem notaðir voru til að ferðast með örkina fjarlægðir og örkin verður lifandi á ný á hinum helga stað þar sem manneskjan á í samræðum við Guð (Hall, 2021).

Örkin er ávallt innra með okkur en við náum ekki til hennar fyrr en við komumst inn fyrir fortjaldið, höfum tekið vígslurnar þrjár og erum viðurkenndir meistarar. Þá og aðeins þá getum við staðið frammi fyrir Lávarði okkar. Í hinum myrkvaða helli, upplýstum af gimsteininum í okkar eigin brjósti náum við samtali við hið æðsta, hinn sanna andlega kjarna innra með okkur. Þá hafa burðarstafirnir sem tákna andstæðurnar í manneskjunni verið fjarlægðir, jafnvægi hefur náðst og búið er að koma Sáttmálsörkinni fyrir í musteri Salómons (Hall, 2021).

Við erum öll á þessari vegferð og sá tími kemur þegar sérhver manneskja lærir að þekkja sína innri leyndardóma, leyndardóma Sáttmálsarkarinnar. Frammi fyrir Sáttmálsörkinni, frammi fyrir sæti miskunnseminnar, á milli vængja kerúbanna talar manneskjan við Guð sinn líkt og Æðsti prestur hins allra heilagasta talaði við Anda Guðs. Á því stigi hefur manneskjan hafið sig upp yfir sitt lægra eðli, hún hefur verið leidd inn um dyrnar að helgidóminum, inn í hið allra heilagasta.

Því eldur Andans í manneskjunni kann sér ekki hvíldar fyrr en hún hefur náð inn í hið allra heilagasta, musteri sólarinnar.

Það er frumburðarréttur sérhverrar manneskju.

Höfundur: Eldey Huld Jónsdóttir,

Erindið var flutt 17. febrúar 2025 í Stúkunni Sindra í Alþjóða Samfrímúrarareglunni Le Droit Humain.

Erindið er lítillega stytta frá því það var flutt.

Hvers konar eftirprentun eða afritun þessa erindis er óheimil án skriflegs leyfis höfundar.

Heimildaskrá:

Ananda Tara Shan. (1987). *Open House Series nr. 8*. The Theosophical Fellowship.

Bailey, A. A. (1971). *Ponder on this*. Lucis Publishing Company.

Bernstein, H. (1998). *Ark of the Covenant, Holy Grail. Message For The New Millennium*. DeVorss Publications.

Biblían. 2. Mósebók, 37.-40. Kafli.

Hall, M. P. (2003). *The Secret Teachings of all Ages*. Penguin.

Hall, M. P. (2013). *The Adepts In the Western Esoteric Tradition*. Martino Publishing.

Hall, M. P. (2013a). *The Hermetic Marriage. Being A Study in The Philosophy of The Thrice Greatest Hermes*. Martino Publishing.

Hall, M. P. (2021). *The Initiates of the Flame*. St. Martin's Essentials.

Leadbeater, C. W. (1986). *Ancient Mystic Rites*. The Theosophical Publishing House.

The Grand Lodge of Ohio. *King Solomon's Temple and Freemasonry*. Sótt 2. nóvember 2024

<https://www.freemason.com/king-solomon-temple-freemasonry/>